

**SAMBAND ALMENNRA LÍFEYRISSJÓÐA
LANDSSAMBAND LÍFEYRISSJÓÐA**

Alþingi
Erindi nr. P 122/1694
komudagur 2. 4. 1998

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v. Templarasund
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. apríl 1998

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn LL og SAL um frumvarp til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 560. mál.

Helstu efnisþættir frumvarpsins eru þessir að mati samtaka lífeyrissjóðanna:

- a) *Lagt er til að Bankaestirlit Seðlabankans og Vátryggingaestirlitið verði sameinað í nýja stofnun, Fjármálaestirlitið.*
- b) *Kveðið er á um að eftirlitsskyldir aðilar skuli standa straum af kostnaði við rekstur eftirlitsins.*
- c) *Sérstök ráðgjafanefnd skal vera stjórn Fjármálaestirlitsins til ráðgjafar um rekstur og starfshætti stofnunarinnar. Ráðgjafanefndin gefi umsögn um eftirlitsgjald skv 16.gr. frumvarpsins.*
- d) *Lögð er sú skylda á viðskiptaráðherra að hann gangist fyrir endurskoðun á ákvæðum um greiðslu eftirlitskostnaðar fyrir 1. janúar 2002.*

Samtök lífeyrissjóðanna minna á nýsamþykkt lög um starfsemi lífeyrissjóða og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 129/1997, þar sem kveðið er m.a. á um stórhert innra eftirlit með starfsemi sjóðanna, þ.á.m. að við sjóðina skuli starfa endurskoðunardeildir eða að sjálfstætt starfandi eftirlitsaðilar skuli inna af hendi innra eftirlit og að eftirlitið skuli vera hluti af skipulagi lífeyrissjóðanna og þáttur í eftirlitsstarfsemi þeirra. Ljóst er að með lögum um starfsemi lífeyrissjóða eru lagðar meiri og kostnaðarsamari skyldur á lífeyrissjóðina varðandi hið innra eftirlit með starfseminni en áður hefur tíðkast.

Samkvæmt því frumvarpi, sem nú er til umsagnar, er lagt til að hámarkskostnaður vegna eftirlits með lífeyrissjóðunum verði metinn sem 0.0098% af hreinni eign til greiðslu lífeyris eða um 34 m.kr. m.v. áætlaðar eignir í árslok 1997. Ef ekki kemur til lækkunar

á þeirri hlutfallstölu, sem gert er ráð fyrir að hið nýja fjármálaeftirlit geti innheimt hjá lífeyrissjóðunum, mun eftirlitsgjaldið geta numið umtalsverðum fjárhæðum, með hliðsjón af því að fjármálaeftirlitið nýti sér til fullnustu þær heimildir sem það mun hafa samkvæmt frumvarpinu. Skýringin er auðvitað sú að eignir lífeyrissjóðanna munu vaxa verulega á næstu áratugum, þar sem íslenska lífeyrissjóðakerfið byggir á sjóðsöfnun en ekki á gegnumstreymikerfi, líkt og tíðkast í almannatryggingakerfinu.


Rétt er þó að benda á að eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald í hlutfalli við þann tíma sem ætla má að fari í eftirlit með viðkomandi flokki og að áætlun um eftirlitsgjald skuli leggja fyrir ráðgjafanefnd eftirlitsaðila til umsagnar. Þá er gert ráð fyrir í frumvarpinu að heimilt sé að kveða á um að sértækt eftirlit eða viðamiklar kannanir skuli greiddar af eftirlitsaðila samkvæmt reikningi. Ennfremur að viðskiptaráðherra skuli gangast fyrir endurskoðun á ákvæðum 16. gr. frumvarpsins um eftirlitsgjald fyrir 1. janúar 2002.

Eftir sem áður telja samtök lífeyrissjóðanna, LL og SAL, mjög mikilvægt að þannig verði hagað málum að kostnaður við eftirlitið fari ekki úr böndum og að eftirlitsstarfsemin verði að mestu leyti sinnt hjá sjóðunum sjálfum, enda er eins og áður segir gert ráð fyrir í lögum um starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, að umfangsmikið innra eftirliti verði hluti af skipulagi sjóðanna og þáttur í eftirlitskerfi þeirra.


Það getur ekki hafa verið ætlun löggjafans með samþykkt laga um starfsemi lífeyrissjóða og þessu frumvarpi um eftirlit með fjármálastarfsemi að samanlagður kostnaður við eftirlit með lífeyrissjóðunum vaxi úr hófi fram og dragi þannig verulega úr hagkvæmni við rekstur sjóðanna og möguleika þeirra til greiðslu lífeyris í framtíðinni.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands lífeyrissjóða


Þorgeir Eyjólfsson

f.h. Sambands almennra lífeyrissjóða


Hrafn Magnússon